



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Aðalfundur EBAK 28. mars 2023

1. Fundarsetning. Hallgrímur Gíslason formaður EBAK setti fundinn.

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir. Verið öll hjartanlega velkomin á þennan aðalfund í Naustaskóla. Það er mjög ánægjulegt fyrir mig að enda stjórnarsetuna á fyrsta viðburði EBAK sem haldinn er hér, en í skólanum er gert ráð fyrir að við fáum framtíðar aðstöðu fyrir ýmsa viðburði.

Ég vil bjóða sérstaklega velkomna gesti okkar þá Bjarka Ármann Oddsson, forstöðumann skrifstofu sviðsins og Heimi Örn Árnason, formann fræðslu- og lýðheilsuráðs og forseta bæjarstjórnar. Halla Birgisdóttir, forstöðumaður tómstundamála hafði því miður ekki tók á að mæta.

Starfárið sem er að ljúka var sem betur fer ólíkt tveimur síðustu árum og treystum við því að framundan séu bjartir tímar án allra lokana vegna heimsfaraldra.

Frá síðasta aðalfundi fyrir um ári síðan hafa nokkrar félagar okkar farið yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst allra félaga okkar sem fallið hafa frá um leið og við sendum ættingjum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Eitt af því sem þarf að gera við upphaf aðalfundar er að kanna lögmæti hans. Í samþykktum er kveðið á um að hann sé auglýstur með minnst viku fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Dagskránni, á ebak.is og á fésbókarsíðu félagsins þann 8. mars síðastliðinn. Fundurinn er því lögmætur.

Ég segi því aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri árið 2023 settan.

Minni á að aðeins félagar hafa kosningarétt á fundinum.

Tillaga stjórnar er að Benedikt Sigurðarson verði fundarstjóri og þau Elín Antonsdóttir og Garðar Lárusson fundarritarar. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Fundarstjóri bar upp tillögu til samþykktar um aðra röðun á dagskrárliðum en kveðið er á í samþykktum félagsins, að breytingar á samþykktum væru teknar á undan ákvörðun um árgjald félagsmanna.

Samþykkt samhljóða

2. Skýrsla stjórnar og úrtak úr nefndaskýrslum fyrir starfsárið 30. mars 2022 til 27. mars 2023..

Hallgrímur Gíslason formaður EBAK flutti skýrsluna.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu: Formaður Hallgrímur Gíslason, varaformaður Sigurður Harðarson, gjaldkeri Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, ritari Elín Antonsdóttir, meðstjórnendur Birgir Björn Svavarsson, Helgi Aðalsteinsson og Eva B. Magnúsdóttir. Varamenn voru Friðrik Vagn Guðjónsson, Helga Eymundsdóttir og Margrét Marvinsdóttir. Nokkrar breytingar verða á stjórn, Birgir Björn, Eva, Torfhildur og undirritaður hætta í aðalstjórn og Helga í varastjórn. Framkvæmdaráð starfar innan stjórnar en í því sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. Bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu voru ellefu. Auk þess kom framkvæmdaráðið svipað oft saman til að undirbúa stjórnarfundir og vinna að öðrum verkefnum. Auk þess voru mikil samskipti með tölvupóstum.

Skrifstofa félagsins var opin á miðvikudögum kl. 15:00-15:45 og skiptu stjórnarmenn viðverunni á milli sín. Gjaldkerinn okkar, hún Torfhildur, tók að sér að svara fyrirspurnum í síma utan þess tíma og eru henni færðar alveg sérlega góðar þakkir fyrir það.

Vonir standa til þess að hægt verði að lengja opnunartíma skrifstofunnar til að geta þjónustað betur hratt vaxandi fjölda félaga í EBAK. Og samkvæmt nýjustu fréttum ætlar Akureyrarbær að styrkja félagið til að það geti veitt þessa þjónustu.

Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en fastanefndir eru þær sömu og áður: Ferðanefnd, fræðslunefnd, skemmtinefnd, dansklúbbur, golfnefnd, göngunefnd, gönguklúbbur, spilanevndir félagsvistar og keppnisbridds. Netmiðlanefnd er á vegum stjórnar.

Einnig starfar uppstillinganefnd og í tilefni af 40 ára afmæli EBAK á síðasta ári starfaði afmælisnefnd, sem stóð fyrir mikilli tónlistarveislu í Hofi

Kór eldri borgara *Í fínu formi* er sérstök deild innan félagsins.

Hugmyndin að bjóða félögum að spila Ringó er nokkurra ára gömul, en komst loks til framkvæmda fyrir ári síðan. Spilað var í Kjarnaskógi síðasta sumar og lið frá EBAK spilaði á Landsmóti UMFÍ 50+ og er það í fyrsta skipti sem við sendum lið þangað. Í vetur fengum við ókeypis aðstöðu í íþróttahúsi Síðuskóla. Þátttakan hefur verið sérlega góð. Ringóið sýnir vel hve frumkvæði einstaklinga getur vegið þungt í starfseminni og vantar alltaf meira af slíku. Takk Friðrik Vagn fyrir að koma Ringóinu af stað og stýra því ásamt öðru góðu fólki.

Ályktanir frá síðasta aðalfundi og afdrif þeirra

Á síðasta aðalfundi var því fagnað að vinna væri hafin við gerð aðgerðaáætlunar um heilsuefningu, félagsstarf og upplýsingagjöf. Þá var skorað á bæjarstjórn að hefja vinnu við heildarstefnu í málefnum aldraðra og að sýna frumkvæði og metnað í þjónustu við þá.

Fyrsta áfanga áætlunarinnar er að mestu lokið. Héðinn Svarfdal Björnsson var ráðinn verkefnastjóri lýðheilsu hjá Akureyrarbæ síðasta haust og framtíðar verkefnið **Virk efri ár** er komið af stað. Það var kynnt í Hofi undir lok janúar (29.) og mættu þar um 220 manns. Bærinn lagði til fjármagn í áætlunina á síðasta og þessu ári og ber að þakka það.

Einnig var á fundinum samþykkt ályktun um húsnæðismál, þar sem farið er fram á að bæjaryfirvöld hefjist handa við að leysa skort á húsnæði fyrir félags- og tómstundamál eldra fólks. Þegar fyrst var rætt um félagsmiðstöð í Bugðusíðu árið 2001 var talið að húsnæðið væri of lítið, en hugsanlega mætti byggja við það. Framundan eru væntanlega smávægilegar lagfæringar í Birtu, en engar kostnaðarsamar breytingar eru fyrirhugaðar þar, enda er húsnæðið mjög óhentugt að öllu leyti.

Mikil samskipti hafa verið við fulltrúa frá Akureyrarbæ um húsnæðismál. Fyrsti áfanginn er að við höfum fengið inni með viðburði hér í Naustaskóla, kærar þakkir fyrir það. Vonandi getum við á næstu árum verið hér með margþætta starfsemi eftir kl. 16, sem kemur félögum okkar til góða, ekki síst íbúum í Nausta- og Hagahverfi.

Stjórn EBAK lagði inn umsögn við svokallaðan Tjaldsvæðisreit og lagði mikla áherslu á að þar yrðu byggð tvö fjölbýlishús fyrir eldra fólk, bæði leiguíbúðir á vegum Akureyrarbæjar og svo eignaíbúðir.

Fyrsti fundur starfshóps vegna annars áfanga aðgerðaáætlunarinnar hófst í desember síðastliðnum. Þar verður lögð áhersla á samhæfingu á margvíslegri þjónustu til fólks í heimahúsum, húsnæðismál og búsetu, auk samgangna og fleiri atriða.

Landsfundur LEB

Landsfundur LEB á síðasta ári var haldinn í Hafnarfirði. Þar mættu 8 fulltrúar frá EBAK. Auk venjulegra fundarstarfa var ályktað þar um kjaramál, velferðarmál, húsnæðismál og stöðu hjúkrunarheimila.

Landsfundurinn fyrir árið 2023 verður haldinn 9. maí nk. í Borgarnesi. EBAK á níu fulltrúa á landsfundinum. Verða þeir bæði úr núverandi og verðandi stjórn, en nefndaformenn verið til vara.

Margþætt samstarf við Akureyrarbæ

Rekstur miðstöðvanna fellur undir fræðslu- og lýðheilsusvið bæjarins og er Kristín Jóhannesdóttir sviðsstjóri þess. Bjarki Ármann Oddsson er forstöðumaður skrifstofu sviðsins, en Halla Birgisdóttir forstöðumaður tómstundamála og er því tengiliður okkar við bæjaryfirvöld, Akureyrarbær annast starfsmannahaldið nýtir sér vel möguleikann á að færa starfsfólk á milli miðstöðvanna eftir þörfum.

Við þökkum ánægjulegt samstarf fram til þessa og hlökkum mikið til áframhaldandi samvinnu.

Ýmsir fundir og námskeið

Árlegur haustfundur stjórnar með nefndum og klúbbum félagsins var haldinn á haustdögum. Var hann vel sóttur.

Í tengslum við 40 ára afmæli EBAK í byrjun október kom Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borgara til okkar og ræddi við félagaga héðan, frá Dalvík, úr Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppi, um málefni sambandsins.

Í nóvember fengum við góða gesti, en þá komu 13 félagar okkar úr Grýtubakkahreppi í heimsókn á dansæfingu. Þau fengu stutta kynningu á EBAK, dönsuðu og spjölluðu.

22. nóvember kynnti formaður starfsemi EBAK á starfslokanámskeiði fyrir FVSA, sem Símeý sá um. Eftir tvo daga verður sambærilegt námskeið fyrir Einingu-Iðju.

Landsbankinn stóð fyrir fróðlegri og vel heppnaðri kynningu á netöryggi í samvinnu við EBAK í lok janúar og mættu þar yfir 60 manns.

Formaður og fleiri úr stjórninni hafa tekið þátt í nokkrum formannafundum Landssambands eldri borgara á netinu og einnig kynningum á ýmsum málum. Þar ber hæst kynningu á vinnu nefndar um heildarþjónustu við eldra fólk, sem ég vona að sem flestir félagar hafi fylgst með.

Ýmis málefni.

LEB blaðið kom út á vordögum 2022 og tóku félagar í EBAK að sér að dreifa því á félagssvæðinu. Allt bendir til að eintakafjöldinn minnki mikið á næstu árum, vegna kostnaðar við að gefa það út á pappír. Hægt verður áfram að lesa það á netinu.

Það sama er með afsláttarbókina. Eintakafjöldinn mun dragast saman eftir því sem notkun afsláttarappsins eða smáforritsins, sem nú heitir „Spara“, eykst og fleiri lesa hana á netinu.

Vinna við fjölbýlishúsin sem Búfesti er að byggja fyrir eldra fólk er að fara af stað um þessar

mundir. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi á milli húsanna. Kynning á því verkefni verður væntanlega á næstu vikum eða mánuðum.

Samþykktir félagsins.

Að þessu sinni verður meðal annars gerð sú breyting á samþykktunum að auk þess að ákveða árgjald þessa árs verður einnig ákveðið árgjald næsta ár, því nauðsynlegt er að geta innheimt árgjaldið sem fyrst eftir áramót.

Fjárhagur félagsins.

Helga Eymundsdóttir leggur fram ársreikning félagsins og önnur fjárhagsleg mál í forföllum gjaldkera. Reksturinn er í góðu lagi. Í ársbyrjun 2022 voru 1953 félagar í EBAK, en 2182 í árslok.

Úrtak úr skýrslum nefnda.

Skýrslur nefnda og hópa hafa legið frammi í félagsmiðstöðvunum í eina viku og flyt ég nú stutt úrtak úr þessum skýrslum.

Ferðanefndin var skipuð nýliðum eftir formannskipti fyrir áramót. Síðasta sumar voru farnar nokkrar dagsferðir og þriggja náttu Austfjarðaferð. Tókust þær allar mjög vel. Einnig var farin árleg sigling með Húna og 180 manns fóru til Grand Canary í október. Færeyjaferð sem verður farin 24. maí seldist strax upp. Nefndin stóð fyrir viðtækri ferðakönnun og svöruðu henni um 400 manns, sem kemur sér sérlega vel fyrir nefndina.

Fræðslunefnd hélt 19 bókaða fundi auk nokkurra samráðsfunda og opins kynningarfundar. Fræðslufundir voru 18 á starfsárinu og skráðu 1.264 gestir sig í gestabók fyrir 13 fræðslufundum og bókakynningum og sóttu 580 manns þá viðburði. Fræðslunefnd fékk starfslýsingu sinni breytt og í framhaldi af því hefur hún og ferðanefnd tekið upp samvinnu. Tækjabúnaður í Birtu er ekki nógu góður og auk þess hefur húsnæðisskortur og öll aðstaða háð nefndinni mikið.

Skemmtinefnd annast bingó, sem voru 23 á starfsárinu og kráarkvöld urðu 5. Mannskipti í nefndinni höfðu nokkur áhrif. Ari Baldursson tók við spilamennsku af hljómsveit og hefur það komið vel út.

Spilaneftnd keppnisbridds stóð fyrir tvímenningskeppni í 28 skipti á starfsárinu og mættu að meðaltali 13 pör. Þátttaka fer heldur vaxandi. 52 einstaklingar hafa mætt en þar af aðeins 11 konur.

Spilaneftnd félagsvist skilaði ekki skýrslu.

Dansklúbbur stendur fyrir dansi í Birtu á miðvikudögum tvisvar í mánuði frá september til maí. Gamlir og nýir dansar. Dansinn er alltaf auglýstur á fésbókarsíðu félagsins.

Golfneftnd. Æft er á miðvikudögum og föstudögum í Íþróttahöllinni. Mæting var dræm í upphafi en fer vaxandi.

Gönguklúbbur stóð fyrir 29 göngum á fimmtudögum frá maí til desember og voru þátttakendur 7-30, 18 að meðaltali. Stefnt var að því að göngurnar væru um 5 km., en sumar urðu lengri.

Göngunefnd stóð fyrir 13 göngum í Kjarnaskógi á þriðjudögum í sumar. Farið er með rútu sem tekur fólkið upp á 5 stöðum í bænum og skilar því á sama stað. Göngulengd er eftir vali hvers og eins. Óvissuferð var farin í Hrísey með um 50 manns og tókst hún mjög vel.

Kórinn Í fínu formi fór í söngferðalag austur á land síðasta vor. Hann söng með Hvanndalsbræðrum í Hofi 1. október og aftur daginn eftir á afmælistónleikum EBAK. Síðan hélt kórinn kaffitónleika í Sölku fyrir fullu húsi. Einnig hefur kórinn sungið í Hlíð, Lögmanshlíð og Grenilundi á Grenivík. Á árs hátíð í janúar voru Anna Guðrún Jónsdóttir og Hrafnhildur Ingólfssdóttir heiðraðar, en þær urðu níðraðar árið 2022. Einnig söng kórinn á kynningarfundum fyrir *Virk efri ár* í Hofi. Hann æfir nú fyrir vortónleika í Glerárkirkju og væntanlegt kórferðalag í Borgarfjörð nú í maí. Kórfélagar eru 69 talsins.

Netmiðlanefnd er á vegum stjórnar og sér um að setja efni inn á *ebak.is* og að hluta til í fésbókarhópinum *EBAK Félag eldri borgara á Akureyri*. Þeim nefndaformönnum og öðrum sem setja efni inn á fésbókina fjölgar, sem og notendum. 1.500 félagar eru í hópnum. Félagar þurfa sjálfir að skrá sig inn á póstlista *ebak.is*.

Þakkir.

Ég þakka meðstjórnendum gott samstarf, þeirra starf er ómetanlegt fyrir félagið. Fyrir hönd stjórnarinnar færi ég fulltrúum í nefndum, hópum og öllum öðrum sjálfboðaliðum kærar þakkir fyrir vel unnin störf.

Án ykkar allra væri starfsemin í félaginu okkar ansi fátækleg.

Að leiðarlokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér fyrir að leiða starfið á undanförunum árum og einnig öllum öðrum sem ég hef átt samstarf við vegna starfa minna fyrir félagið. Ég veit að það kemur alltaf maður í manns stað og starfsemi félagsins vex og dafnar á komandi árum. Áfram EBAK.

3. Ársreikningar félagsins.

Helga Eymundsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 26.730.159- og rekstrargjöld kr. 19.626.245-. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði er kr. 7.103.914-. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 2.391.030-, þannig að heildarhagnaður ársins er kr. 9.494.944-.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 6.514.000-, þjónustugjöld kr. 147.600.-, styrkur frá Akureyrarbæ kr. 866.666-, veitingasala kr. 321.631-, leiga á sal kr. 704.000-, seld þrif á sal kr. 200.000-, tekjur nefnda 19.312.159-.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eign um áramót kr. 51.527.011- og skammtímaskuldir 146.097-

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur og reikninga.

Páll Pálsson spyr til hvers á að safna öllum þessum peningum.

Jóna Berg sagði að það mætti nota peningana til að stækka húsnæðið í Bugðusíðunni Sverrir Páll spurði um upphæð á auglýsingakostnaði.

Hallgrímur formaður svaraði að hluti peningsins væru bundinn í byggingingasjóði og verður ekki notað í Bugðusíðu. Auglýsingakostnaður nefnda er ekki inni í auglýsingakostaði í reikningum félagsins.

Sigríður Stefánsdóttir spurði f.h. fræðslunefndar um möguleika á notkun á salnum í Naustaskóla

Hallgrímur svaraði að notkun væri bundin eftir kl. 16.00 og ekki væri gert ráð fyrir starfsmanni á svæðinu.

Reikningar félagsins bornir voru upp til samþykktar og samþykktir samljóða.

Töf varð á þessum dagskrárlið meðan lagfærðar voru nokkrar glærur og tekið kaffihlé á meðan.

4. Skýrsla afmælisnefndar.

Gísli Sigurgeirsson flutti skýrsluna

Nefnd til að skipuleggja og annast hátíð í tengslum við 40 ára afmæli Félags eldri borgara á Akureyri hélt sinn fyrsta fund 19. september 2021. Fundinn sátu Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Sigurður Harðarson, Saga Jónsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Gísli Sigurgeirsson. Úlfhildur var einróma kjörin formaður nefndarinnar og Ragnheiður tók að sér að rita fundargerðir.

Í upphafi komu fram ýmsar hugmyndir um hvernig best væri að minnast þessara tímamóta í sögu félagsins. Meðal annars var rætt um að gefa út blað, en rétt þótti að fresta því um tíu ár, þar til félagið yrði 50 ára og gefa þá jafnvel út bók. Stjórn félagsins var sammála þessari afstöðu. Strax í upphafi lagði Úlfhildur til, að halda afmælissamkomu sunnudaginn 2. október, daginn fyrir afmælið. Sú hugmynd fékk stuðning og var rætt var um að hafa þar tónlistaratriði og stutt ávörp. Ýmsir staðir þóttu koma til greina fyrir hátíðina. Gamla Samkomuhúsið var nefnt, en horfið var frá því vegna þess hvað aðgengi þar er erfitt. Síðar kom reyndar í ljós, að það var ekki í boði á þessum tíma vegna starfsemi Leikfélagsins. Hof þótti álitlegasti kosturinn, en vitað var að leiga þar væri há. Þess vegna var ákveðið að leita eftir því við bæjarstjórn, að gefa eftir í leigunni, sem einkonar afmælisgjöf til félagsins. Á fyrsta fundinum komu einnig fram hugmyndir um myndlista- og handverkssýningu til að kynna verk eldri borgara. Í framhaldi þeirra umræðna var kannaður möguleiki á að fá inni í Listasafninu eða forsölum Hof, en það reyndist ekki gerlegt vegna þess að salirnir væru bókaðir á þessum tíma.

Úlfhildur skrifaði bréf til bæjarstjóra, þar sem leitað var eftir stuðningi við félagið á þessum tímamótum. Því var vel tekið og samþykkt bæjarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar, að bærinn greiddi sem svaraði til grunnleigu aðalsalarins í Hofi, sem jafngildir kr. 470.000.- Þar með þótti einsýnt að leita samninga við Hof, sem síðan var gert. Í framhaldi af því hófust umræður um dagskrána á fyrirhugaðri hátíð. Strax kom fram vilji til þess að stilla ræðuhöldum í hof, en leyfa söng og tónlist að njóta sín. Einnig var rætt hvort hátíðin ætti að vera opin félagsmönnum án endurgjalds, sem flestir hölluðust að í upphafi. Hins vegar gerðu nefndarmenn sér grein fyrir því, að slíkt gæti skapað óánægju, þar sem einungis kæmust um 500 manns í salinn. Hvað ætti að segja þeim sem stæðu fúlir við innganginn og kæmust ekki inn? Þetta var rætt fram og aftur á fyrstu fundum nefndarinnar. Niðurstaðan varð sú, að selja inn á hóflegu verði og gefa félagsmönnum forkaupsrétt að miðum fyrstu dagana eftir að miðasala hæfist.

Úlfhildur dró sig í hlé.

Á fundi nefndarinnar 21. jaúar 2022 sagði Úlfhildur Rögnvaldsdóttir af sér nefndarstörfum af heilsufarsástandum, en Gísli Sigurgeirsson tók við sem formaður nefndarinnar. Það var slæmt að missa Úlfhildi úr hópnum, margreynda úr félagsmálum og pólitík. Nefndarmenn óskuðu henni

velfarnaðar og góðs gengis til betri heilsu. Í framhaldi þessara breytinga kom Friðbjörg Finnsdóttir til liðs við nefndina.

Eftir þetta hófust umræður um dagskrána á afmælishátíðinni. Fljótlega var ljóst, að kór eldri borgara, í fínu formi, væri tilbúinn til að syngja á hátíðinni og Sigurður Harðarson upplýsti ennfremur, að Karlakór Akureyrar væri tilbúinn til að leggja sitt að mörkum án endurgjalds. Í framhaldi af því fundaði formaður nefndarinnar með stjórnendum kóranna og voru þeir strax áhugasamir um samstarf. Gísli kom fram með þá hugmynd, að yfirskrift hátíðarinnar yrði „Manstu gamla daga“ með tilvísun í vinsælt lag eftir Alfreð Clausen við ljóð Kristínar konu hans. Jafnframt yrði horft til þess við mótun dagskrárinnar, að velja lög frá bestu árum þeirra kynslóða, sem standa að Félagi eldri borgara í dag. Þessu var vel tekið. Í upphafi var rætt um að fá síðan „eldri borgara“ til að flytja þessi lög í sjálfboðavinnu, þótt þeir þyrftu ekki endilega að vera félagsmenn í EBAK. Margir listamenn tóku jákvætt í þessa hugmynd, en það vantaði herslumuninn á að þetta gengi upp. Þarna var þó kominn ákveðinn kjarni listamanna „eldri borgara“, en það vantaði fleiri; góða söngvara og hljóðfæraleikara og öflugan hljómsveitarstjóra til að stjórna hópnunum, útsetja og æfa. Erfiðlega gekk að ná nefndinni saman í maí vegna utanlandsferða eða anna. Brá formaðurin þá gjarnan á það ráð, að senda nefndarmönnum stöðuskýrslur í tölvupóstum, þannig að allir væru með á nótunum.

Ég lét taka tónleikana upp, bæði mynd og hljóð. Sú hugmynd kviknaði á lokametrunum og Björgvin vinur minn Kolbeinsson, myndatökumeistari, var tilbúinn í slaginn með skömmum fyrirvara. Ekkert hefur verið ákveðið hvernig þetta efni verður notað, en sú ákvörðun verður tekin í samráði við alla listamennina.

Leiga fyrir þjónustu frá menningarhúsinu Hofi var kr.1.186.670. Þar af var 124.200 í VSK-skatt. Tekjur af miðasölu voru kr. 2.754.000. Mismunur á miðasölutekjum og kostnaði við Hof var því kr. 1.567.330.- Við þetta bætist 100.000.- krónur í styrk frá Landsbanka. Þá voru kr. 1.667.330.- eftir til að greiða annan kostnað. Laun til listamanna voru samtals kr. 1.170.000.- Nær allir fá það sama, nema hljómsveitarstjórinn, sem eðlilega fær hærri laun en hásetarnir, enda vann hann fyrir þeim. Formaður hafði samið persónulega við listamennina og greitt þeim að hluta. Til að einfalda uppgjörið gerði hann félaginu einn reikning fyrir heildarlaunum listamanna og gerði hann síðan upp við þá alla. Gísl-kvikmyndagerð fékk greiddar 135.200 þúsund krónur upp í kostnað við kynningarmyndböndin 12, sem sýnd voru milli laga. Lengd þeirra samtals var 32 mín og 24 sek. Þar af voru 25.200 VSK-skattur. Gísl-kvikmyndagerð innheimti auk þess styrki beint, sem fengnir höfðu verið sérstaklega til kvikmyndagerðarinnar, samtals að upphæð 100.000 krónur. Komu þeir frá Kjarnafæði, ÁK-smíði og Miðstöð. Þeir styrkir foru að hluta til að greiða fyrir veitingar að loknum sýningum. Auglýsingareikninga upp á 106.629 greiddi félagið beint. Samkvæmt þessu skilaði afmælishátíðin 141.246 krónum í hagnað

Skýrsla öldungaráðs. Þorgerður Þorgilsdóttir flutti.

Fulltrúar Félags eldri borgara, kjörnir á aðalfundi félagsins 29. mars 2022 eru:

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir og Hallgrímur Gíslason, sem jafnframt er varaformaður ráðsins. Auk þeirra sitja í ráðinu þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og einn tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Varamenn EBAK eru Þóra Ákadóttir, Gunnar Gíslason og Sigurður Harðarson.

Öldungaráð er lögbundið ráð og starfar skv. lögum og eftir samþykkt bæjarins um ráðið. Það á að vera með í allri stefnumótun og skipulagi þjónustu við eldra fólk og fylgjast með þeim málum. Þar sem núverandi ráð tók ekki til starfa fyrr en eftir sveitarstjórnarkosningar var haldinn fundur í apríl með þátttöku fyrri fulltrúa. Þar var meðal annars rætt um ályktanir aðalfundar EBAK, gjaldskyldu á bílastæðum í miðbæ Akureyrar, mælaborð um líðan og velferð eldra fólks og loks var verðandi bæjarstjórn hvött til að leggja áherslu á málefni eldra fólks.

Frá því í september hafa verið haldnir sjö fundir. Nýjar starfsreglur hafa verið samþykktar og starfsáætlun ráðsins er vel á veg komin. Við höfum fengið kynningu á verkefninu Virk efri ár, á Lýðheilsukorti bæjarins og á starfsemi HSN. Skipulagsmál hafa verið rædd og gerð athugasemd við deiliskipulag í nágrenni Síðuskóla vegna hjúkrunarheimilis og var tekið tillit til hennar við afgreiðslu málsins. Við höfum fengið reglur um stuðningsþjónustu og notendasamninga til afgreiðslu og kynningu á Húsnæðisáætlun Akureyrarbæjar. Einnig höfum við fengið upplýsingar frá Akureyrarbæ um fyrirhugaða kynningu á starfsemi bæjarins fyrir þá sem eru fæddir 1953 og verða því sjötugir á árinu.

Það eru búinir að vera 7 fundir í Öldungaráði og á öllum fundunum er verið að tala um matarbakka í Félagsmiðstöðvunum. Rætt hefur verið um innihaldslýsingu á matnum. Þetta var ekki hægt og of mikil vinna við það. Það er talað um kostnað vegna keyrslu matarbakkana. Svo var búið að gera samkomulag við fyrirtæki í bænum, en það fór yfirum svo ekki kom það lengur til greina. Halla Birgisd stendur sig eins og hetja en kemur að lokuðum dyrum vegna matarmálanna. Þessir staðir sem hún hefur verið að ræða við hafa bara ekki áhuga. Hún var svo búin að fá að ég held Vitann en þá kostaði máltíðin hátt í 3 þúsund. Það er bara of mikið fyrir margan manninn. Þetta er líka svo mikilvægt fyrir fólk að geta hittst og borðað saman í félagsmiðstöðunum. Á síðasta fundi ráðsins var ákveðið að senda málið til bæjarstjórnar.

Á síðasta fundi ráðsins var samþykkt tillaga þar sem stjórn EBAK og öldungaráð leggur til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar leitist eftir þátttöku í þróunarverkefni um samþættingu á þjónustu sem eldra fólk er veitt í heimahúsum, en það mál er tengt verkefninu *Gott að eldast*.

Á þeim fundi var ályktað um nauðsyn á mat í Birtu og Sölku og miklum áhyggjum lýst yfir vegna húsnæðisins í hjúkrunarheimilinu Hlíð.

Varaformaður ráðsins hefur kynnt ofangreind mál nokkuð á stjórnarfundum EBAK.

Mörg þeirra mála sem voru ákveðin í fyrsta áfanga aðgerðaáætlunar fyrir eldra fólk á Akureyri eru komin í gagnið. Búið er að skipa sex manna starfshóp til að vinna að öðrum áfanga áætlunarinnar og hefur hann haldið 3 fundi. Þar verður fjallað um mál eins og að samþætta þjónustu við eldra fólk, sérstaklega í heimahúsum. Um húsnæðismál og búsetu, samgöngur, verðlagningu o.s.frv. Við höfum þegar fengið kynningu á stuðningsþjónustu og svo á skipulagsmálum, þar sem miklar umræður urðu um framtíðarhúsnæði fyrir félags- og tómstundamál hjá Akureyrarbæ.

Þær umræður, ásamt fleiru, urðu til þess að við erum stödd hér í Naustaskóla í dag.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur flytjenda.

Enginn kvaddi sér hljóðs

5. Breytingar á samþykktum.

Fundarstjóri kynnti breytingar á samþykktum félagsins og bar hvern lið undir atkvæði.

1. gr. Nafn og heimili

Síðasta setning

Fyrir breytingu:

Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebak@ebak.is

Eftir breytingu:

Félagið heitir Félag eldri borgara á Akureyri, skammstafað EBAK. Starfssvæði þess er Akureyri og nágrenni. Heimili og varnarþing þess er á Akureyri. Heimasíða félagsins er ebak.is og netfang er ebakureyri@gmail.com.

Samþykkt samþjóða.

3. grein. Félagar

3.a) Fyrir breytingu

Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri og einnig makar þeirra þótt yngri séu.

3.a) Eftir breytingu

Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri.

Samþykkt samþjóða.

3.b) Fyrir breytingu

Árgjald yfirstandandi árs er ákveðið á aðalfundi. Félagar 90 ára og eldri greiða ekki árgjald.

3.b) Eftir breytingu

Árgjald yfirstandandi árs er ákveðið á aðalfundi 2023. Árgjald komandi árs er ákveðið á aðalfundi. Félagar 90 ára og eldri greiða ekki árgjald.
[Ath. Fyrsta setningin gildir eingöngu fyrir 2023].

Samþykkt samþjóða.

4. grein. Ársreikningar

4.a) Fyrir breytingu

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Nýr félagi sem gengur í félagið eftir 1.október greiðir það ár aðeins hálf gjald.

4.a) Eftir breytingu

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Samþykkt samþjóða.

5. grein. Stjórnskipan

5.d) Fyrir breytingu

Stjórn félagsins velur fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara (LEB) það ár sem landsfundur er haldinn. Velja skal jafnmarga fulltrúa og félagið á rétt á hverju sinni og jafn marga til vara í raðaðri röð. Formaður félagsins er sjálfkjörinn.

5.d) Eftir breytingu

Stjórn félagsins velur fulltrúa á landsfund Landssambands eldri borgara (LEB). Velja skal jafnmarga fulltrúa og félagið á rétt á hverju sinni og jafn marga til vara í raðaðri röð. Formaður félagsins er sjálfkjörinn.

Samþykkt samþjóða.

6. gr. Aðalfundur

6.e) Dagskrá aðalfundar:

6.e) b) Fyrir breytingu

Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

6.e) b) Eftir breytingu

Skýrsla stjórnar og útdráttur úr skýrslum fastra nefnda félagsins um starfsemina á liðnu ári.

Samþykkt samþjóða.

6.e) d) Fyrir breytingu

Umræður um skýrslur stjórnar og ársreikninga. Afgreiðsla ársreikninga.

6.e) d) Eftir breytingu

Umræður um skýrslur og ársreikninga. Afgreiðsla ársreikninga.

Samþykkt samþjóða.

6.e) e) Fyrir breytingu

Nefndir leggja fram skýrslur og gera grein fyrir störfum nefndanna og fjárhagslegri afkomu þeirra. Umræður.

6.e) e) Eftir breytingu

Aðrar nefndir leggja fram skýrslur og gera grein fyrir störfum sínum. Umræður.

Samþykkt samþjóða.

6.e) f) Breytingar á samþykktum. Var áður liður 6. e).h.

6.e) g) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna. Var áður liður 6. e).f.

6.e) h) Fjárhagsáætlun lögð fram. Var áður liður 6. e).g.

Samþykkt samþjóða.

9. gr. Fastanefndir og aðrar nefndir

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

9.e) Fyrir breytingu

Heilsuefling; Göngunefnd, golfnefnd, dansklúbbur og gönguklúbbur.

9.e) Eftir breytingu

Heilsuefling: Göngunefnd, golfnefnd, dansklúbbur, gönguklúbbur o.fl.

Samþykkt samhljóða.

Lokasetning:

Fyrir breytingu

Ofangreindar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi félagsins 8. júní 2021 og öðlast þegar gildi.

Eftir breytingu

Ofangreindar samþykktir voru samþykktar á aðalfundi félagsins 28. mars 2023 og öðlast þegar gildi.

Sérstök ósk fyrir aðalfund 2023 er að fundurinn samþykki að liður 3b taki gildi.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar að lokum breytingarnar upp í heild sinni og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Árgjald félagsins fyrir 2023 og 2024.

Helga Eymundsdóttir kynnti tillögu stjórnar.

Stjórn EBAK – Félags eldri borgara á Akureyri leggur til að árgjald félagsins fyrir árið 2023 verði krónur 3.500 fyrir þá sem greiða í heimabanka og krónur 3.700,- fyrir þá sem fá greiðsluseðla heimsenda. Árgjald fyrir árið 2024 verður sama upphæð.

Auk þess leggjast krónur 300,- ofan á greiðslu vegna greiðsluseðla frá innheimtubankanum.

Umræður og afgreiðsla.

Engin hvað sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða

7. Fjárhagsáætlun lögð fram. Helga Eymundsdóttir leggur tillöguna fram.

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld kr. 8.775.000, þjónustugjöld kr. 150.000, Leiga á sal kr. 120.000, tekjur nefnda kr. 18.505.281. Samtals kr.27.330.281.

Rekstrargjöld:

Nefndir og heilsuefling kr 18.065,725, LEB kr. 2.530.000, Kostnaður vegna nefnda kr. 600.000, Annar rekstrarkostnaður kr. 235.695, stjórnunarkostnaður kr. 2.000.000, Samtals kr. 23.431.420. Rekstrarhagnaður án fjármagnstekna: kr. 4.118.861, Fjármunatekjur (vextir) kr. 3.510.000
Hagnaður ársins kr. 7.628.861.

Umræður

Sveinn Sigurbjörnsson spyr um sundurliðun á stjórnunarkostnaði Hallgrímur svaraði og gerði grein fyrir sundurliðunni

8 Kosningar í stjórn og nefndir.

Gestur Jónsson, formaður uppstillinganefndar kynnti tillögur nefndarinnar og er listinn sjálfkjörinn.

Formaður

Karl Erlendsson

Aðalstjórn

Helgi Aðalsteinsson
Elín S. Antonsdóttir
Sigurður Harðarson
Karl Guðmundsson
Þóra Hjaltadóttir
Valgerður Jónsdóttir

**Nefndir 2022 – 2023
(kosnar til eins árs)**

Ferðanefnd:

Halldór Sigurgeirsson
Hólmfríður Guðmundsdóttir
Helgi Jónsson
Pétur Haraldsson
Snjólaug Sigurðardóttir
Anna Guðmundsdóttir

Fræðslunefnd:

Hreinn Pálsson
Sverrir Páll Erlendsson
Sigríður Stefánsdóttir
Andrea Jóhannsdóttir
Þorgerður Guðlaugsdóttir

Golfnefnd:

Magnús Friðriksson
Guðrún Siglaugsdóttir
Einar Hjartarson

Göngunefnd:

Hólmfríður R Jóhannsdóttir
Ingi Þór Jóhannsson
Hulda Eggertsdóttir
Hrefna Hjálmarsdóttir
Rafn Sveinsson
Númi Adólfsson

Skemmtinefnd:

Varastjórn

Friðrik Vagn Guðjónsson
Margrét Marvinsdóttir
Margrét Alfreðsdóttir

Unnur Þorsteinsdóttir
Benedikt Bragason
Lilja Guðmundsdóttir
Hörður Gunnarsson
Sigrún Kjartansdóttir
Sigurður Gíslason
Jónas Jónsson
Sara Svanlaugsdóttir

Spilanefndir:

a) Bridds:

Haukur Harðarson
Stefán Vilhjálmsson

b) Félagsvist:

Magnús Kristinsson
Helgi Helgason
Sigríður Harðardóttir
Halldóra Lísbet Friðriksdóttir
Steingrímur Svavarsson
Ásta Þorsteinsdóttir

c) Paravist. föstudögum

Hjörleifur Hallgríms Herbertsson

Dansnefnd

Kristín Skúladóttir
Júlíana H. Tryggvadóttir
Lárus Reynir Halldórsson
Sigrún Sæmundsdóttir
Guðgeir Bjarnason

Gönguklúbbur:
Garðar Lárusson
Birna G. Hermannsdóttir
Svala Sigurðardóttir
Oddný Ólafsdóttir

Arnar Árnason
Hafdís Freyja Rögnvaldsd

Skoðunarmenn reikninga:

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGANEFND VEGNA AÐALFUNDAR 2024

Fundarstjóri kynnir tillögu stjórnar

Gestur Jónsson
Friðbjörg Finnsdóttir
Jón Haraldur Lárusson
Valgerður Sigfúsdóttir
Helga Eymundsdóttir

9. Ályktanir fundarins og tillaga um þóknun.

a) Ályktun um aðgerðaáætlun fyrir eldra fólk. Hallgrímur formaður kynnir.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 28. mars 2023, fagnar ráðningu verkefnastjóra lýðheilsamála hjá Akureyrarbæ og að verkefnið *Virk efri ár* sé hafið sem framtíðarverkefni.

Fundurinn hvetur til þess að kraftur verði settur í undirbúning annars áfanga aðgerðaáætlunar fyrir eldra fólk. Af mörgu er að taka. Góða stuðningsþjónustu, örugga búsetu, góðar samgöngur og hóflega verðlagningu á þjónustu þarf til að fólk geti búið sem lengst heima eins og ósk flestra er. Mjög brýnt er að upplýsingagjöf og öll þjónusta við eldra fólk sé samhæfð milli sveitarfélaga, ríkis og einkaaðila.

Akureyrarbær á að sýna frumkvæði og metnað í þjónustu við eldra fólk og hefja því sem fyrst undirbúning við að móta heildarstefnu bæjarins til framtíðar í málefnum þess og að gera bæjarfélagið að aldursvænu samfélagi.

Samþykkt samhljóða.

b) Ályktun um mat í félagsmiðstöðvunum. Hallgrímur formaður kynnir.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 28. mars 2023, harmar að ekki skuli hafa tekist að útvega mat í félagsmiðstöðvarnar á undanförunum mánuðum og skorar á bæjaryfirvöld að finna nú þegar góða lausn á því nauðsynlega máli. Verð þarf að vera ásættanlegt.

Samþykkt samhljóða.

c. Tillaga um þóknum fyrir vinnuframlag. Haukur Halldórsson kynnti

Á aðalfundur EBAK haldinn 29. mars 2022 var samþykkt að tilnefna 3 félagsmenn til að skoða hvernig best væri að umbuna þeim stjórnarmönnum sem óhjákvæmilega þurfa að sinna störfum fyrir félagið langt umfram það sem eðlileg sjálfböðavinna getur talist. Leggur nefndin eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

Aðalfundur EBAK 28. mars 2023 leggur til að tekin verði upp sanngjörn greiðsla til að mæta viðbótar vinnuframlagi þeirra sem starfa umfram aðra í stjórn. Þannig væri t.d. hægt að auka viðveru á skrifstofu félagsins. Lagt er til að ný stjórn EBAK sjái um að útfæra þessar greiðslur.

Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál:

a) Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem hætta störfum kvaddir.

Þeir sem hætta í stjórn, nefndum, ráðum og öðrum hópum á aðalfundi 2023 voru kallaðir upp og fengu blóm.

Stjórn:

Birgir Björn Sævarsson
Eva Bryndís Magnúsdóttir
Hallgrímur Gíslason
Torfhildur S. Þorgeirsdóttir
Helga Eymundsdóttir

Skemmtinefnd:

Ólafur Theódórsson
Hrefna Hreiðarsdóttir
Júlíana G. Kristjánsdóttir

Ferðanefnd:

Gísli Sigurgeirsson

Spilanefnd (félagsvist):

Ketill Hólm Freysson
Uppstillinganefnd
Þorgerður Þorgilsdóttir

Golfnefnd:

Eyþór Gunnþórsson

Skoðunarmenn reikninga

Baldur Guðvinsson
Kristín Þorgilsdóttir

Gönguklúbbur:

Sveinn Jónasson

Önnur mál

Hjörleifur Hallgríms kvaddi sér hljóðs og talaði um húsnæðismál og lýsti sig ósammála þeim sem hafa tjáð sig um húsnæðið í Bugðusíðu og taldi að hægt væri að breyta húsnæðinu til að það hentaði starfsemi félagsins. Brýndi hann viðstadda bæjarfulltrúa til að flytja heimaþjónustuna og stækka húsnæði EBAK. Bar aðstöðuna saman önnur félög eldri borgara í landinu. Minntist einnig á matarmál í Bugðusíðu og hækkun á seldum kaffimálum.

Fundarslit

Nýkjörinn formaður Karl Erlendsson tók við lyklum frá fráfarandi formanni og sleit fundi.

Fylgiskjal með fundargerð:

Ársskýrslur nefnda Félags eldri borgara á Akureyri, EBAK, lagðar fram á aðalfundi 2023

- I. Skýrsla Ferðanefndar
- II. Skýrsla Fræðslunefndar
- III. Skýrsla Skemmtinefndar
- IV. Skýrsla Spilanefndar keppnisbridds
- V. Skýrsla Spilanefndar félagsvist
- VI. Skýrsla Göngunefndar
- VII. Skýrsla Golfnefndar
- VIII. Skýrsla Dansklúbbs
- IX. Skýrsla Gönguklúbbs
- X. Skýrsla kórs EBAK, Í fínu formi
- XI. Skýrsla netmiðlanefndar

I. Ársskýrsla ferðanefndar 2022 2023

Í stjórn í upphafi starfsárs:

Ásdís Árnadóttir formaður, Hólmfríður Guðmundsdóttir ritari, Halldór Sigurgeirsson, Gísli Sigurgeirsson, Pétur Haraldsson og Helgi Jónsson.

Við erum öll nýliðar í þessari ferðanefnd, en flest okkar með einhverja reynslu í ferðamennsku með einum og öðrum hætti. Fráfarandi ferðanefnd hafði lagt drög að sólarlandaferð til Grand Canary og var þeirri stefnu haldið eftir þó nokkra umræðu. Ferðin var farin október í þrjár vikur, uppselt var í ferðina (180 manns) um 40 manns á biðlista. Þá voru á dagskrá dagsferðir sem nutu vinsælda meðal fólks og ekki má gleyma siglingu með Húna EA. Sú ferð er árviss viðburður og er vinsæl meðal félagsmanna. Gísli skipulagði þriggja náttu ferð með gistingu á hóteli Hallormsstað um austurland sem heppnaðist vel í alla staði. Undirbúningur er nú þegar hafinn fyrir næsta starfsár, undan farna mánuði hefur verið unnið að ferð til Færeyja sem verður farin 24. maí frá Seyðisfirði Mikill áhugi er fyrir þessari ferð sem seldist upp á fyrsta söluvegi, við útilokum ekki að farin verði önnur ferð í maí á næsta ári. Þá eru í undirbúningi dagsferðir í sumar, hálendisferð og fleira sem mun koma fram á ferðakynningu nefndarinnar. Stóra vandamálið er varðar ferðir innanlands er hóteltgisting, uppselt út árið og þessvegna þarf að fara að tryggja gistingar fyrir sumarið 2024.

Í ágúst hófst undirbúningur könnunar á ferðaáhuga félaga í EBAK. Hólmfríður og Pétur héldu utan um það verkefni. Ákveðið var að könnunin færi fram á netinu, og þeir sem ekki væru nettengdir fengu prentuð blöð til að taka þátt. Sigurður Harðarson var fenginn til að vinna úr könnuninni. Allir félagar með uppgefið netfang í félagatali fengu þessa könnun senda í tölvupósti, tóku tóku að berast kvartanir um að sumir hefðu ekki fengið umræddan póst. Ástæða þess að könnunin komst ekki til allra geta verið nokkrar og væri of langt mál að kryfja hér. Ég hef beðið Sigurð Harðarson útskýra það frekar. Niðurstaða þessarar könnunar er marktæk um 400 tóku þátt og niðurstaðan kemur okkur að góðu gagni við þau verkefni sem okkur er ætluð og við. Erum jafnvel að spá í aðra könnun á komandi hausti. Þann 18 nóvember sagði Ásdís sig úr ferðanefndinni. Ástæða þess verður ekki rakin hér. Undirritaður Halldór Sigurgeirsson tók þá við formennsku nefndarinnar.

Við þökkum Ásdísi fyrir hennar störf og óskum henni alls hins besta á komandi árum.

Í undirbúningi er að setja skýrari reglur er kemur að skráningu og greiðslur fyrirferðir og verða þær kynntar á ferðakynningunni sem er framundan. Í byrjun janúar 2023 var ferðanefndin skipuð eftirfarandi:

Halldór Sigurgeirsson formaður
Hólmfríður Guðmundsdóttir ritari
Snjólaug Sigurðardóttir gjaldkeri
Meðstjórnendur:
Anna Guðmundsdóttir
Pétur Haraldsson
Helgi Jónsson
Gísli Sigurgeirsson

Akureyri 14 mars 2023
Halldór Sigurgeirsson

II. Ársskýrsla fræðslunefndar 2022-2023

Fulltrúar í fræðslunefnd:

Sigríður Stefánsdóttir, formaður
Hreinn Pálsson, ritari
Valdís Gunnlaugsdóttir, gjaldkeri til ágúst 2022
Þorgerður Guðlaugsdóttir, gjaldkeri frá ágúst 2022
Andrea Jóhannsdóttir
Sverrir Páll Erlendsson

Valdís Gunnlaugsdóttir óskaði eftir lausn frá störfum af persónulegum ástæðum. Þorgerður Guðlaugsdóttir tók þá sæti í nefndinni með samþykkt stjórnar félagsins. Nefndin hélt samtals 19 bókaða fundi, auk þess samráðsfundi með stjórn, með forstöðukonu félagsmiðstöðva, með verkefnastjóra „Virkra efri ára“ og með ferðanefnd. Einnig auglýsti nefndin opinn fund í maí 2022, til að fá fram hugmyndir um starfið og efni til kynninga. 16 mættu og margar hugmyndir komu fram, sem síðan var unnið úr.

Fræðslufundir voru haldnir tvisvar í mánuði á mánudögum kl. 14 frá apríl til maí og frá september til mars (aðeins einn fundur í desember.) Samtals 18 fræðslustundir. Bókaðir gestir á þessum fundum voru samtals 1264. Frá hausti var bókuð skipting milli kynja 63% konur og 37% karlar.

Nefndin kom á framfæri við stjórn ábendingum um aðstöðu og tækjabúnað, sem bætt var úr að hluta. Góð aðsókn á marga fræðslufundi sýndi glögg að húsakynni eru algjörlega ófullnægjandi og mikil þörf á betri og stærri aðstöðu. Í nokkur skipti þurftu gestir frá að hverfa. Í önnur skipti var mjög þröngt setið og stólaburður mikill. Reyndar fer allt of mikill tími og kraftur fræðslunefndar í stólaburð, uppröðun og frágang. Nefndin ítrekar þörfina á að bætt verði úr húsnæðismálum, styður stjórn félagsins í viðleitni hennar við að koma því á framfæri og hvetur nýja stjórn til dáða. Nefndin gerði tillögur til stjórnar um breytingar á samþykkt um nefndina sem sneru m.a. að áherslum í verkefnum og einnig um meiri og betri samvinnu nefnda. Stjórnin breytti samþykktinni í kjölfarið og fræðslunefnd hefur þegar tekið upp samvinnu við ferðanefnd.

Mjög góð samvinna og verkaskipting hefur verið innan nefndarinnar.

Hér að neðan er yfirlit um fræðsluefni, fyrirlesara og gestafjölda.
Akureyri mars 2023
f.h. fræðslunefndar

Sigríður Stefánsdóttir, formaður

III. Ársskýrsla skemmtinefndar 2022-2023

23. apríl 2022 var haldinn fundur vegna skipunar nýrrar stjórnar og sú gamla skilaði af sér.

Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum.

Formaður: Erlingur Arason
Varaformaður: Ólafur Theodórsson
Gjaldkeri: Valbjörg Fjólmundsdóttir
Ritari: Benedikt Bragson

Meðstjórnendur: Unnur Þorsteinsdóttir, Hörður Gunnarsson, Júlíana Kristjánsdóttir og Hrefna Hreiðarsdóttir.

Kráarkvöld var svo haldið um kvöldið, og síðustu bingó vorsins skipulögð.

Starfið hófst svo aftur um haustið og var með hefðbundnu sniði, þ.e. bingó á þriðjudögum og kráarkvöld einu sinni í mánuði. Nefndin fundaði fimm sinnum á tímabilinu og snerust fundirnir aðallega um skipulag.

17. nóvember sagði Erlingur af sér formennsku og Ólafur tók við.
13. desember. Annað vandamál kom upp þegar Valbjörg gjaldkeri sagði sig úr nefndinni og Júlíana tók við en nú vantaði í nefndina og að lokum bættist Lilja Guðmundsdóttir við.
Óljósar kröfur um bókhald og meðferð peninga settu hljómsveitarmálin í smá uppnám en það leystist svo þannig að Ari Baldursson hefur komið í stað hljómsveitar og almennt er það talin góð lausn.
Nefndin leggur til að verð á bingóspjöldum verði hækkað í kr. 500 og vinningar í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag ætti þá að taka gildi næsta haust.
23 bingó voru haldin á tímabilinu og rétt stóðu undir sér en aldrei varð samt tap. Fimm kráarkvöld voru haldin og sömu sögu er að segja þar, gróði mjög takmarkaður.

Akureyri 16. mars 2023
Benedikt Bragason ritari

IV. Árskýrsla spilanefndar keppnisbridds 2022-2023

Nöfn: Stefán Vilhjálmsson, Haukur Harðarson

Spilað var keppnisbríðe (tvímenningur) í Birtu, Bugðusíðu 1 á fimmtudögum kl. 13-16. Spilað var 6 sinnum frá aðalfundi EBAK 28.3. 2022 til 19.5. Spilamennska hófst 22. sept. í haust og var spilað vikulega til 15. des., alls 12 skipti. Á nýju ári hefur verið spilað frá 5. jan. til 9.mars, alls 10 skipti. Þátttaka er góð og heldur vaxandi, rúmlega 13 pör að meðaltali á tímabilinu en rúmlega 14 pör nú eftir áramótin.
Alls hafa 52 einstaklingar mætt til leiks a.m.k. einu sinni, þar af 11 konur.
Innheimt hafa verið borðgjöld, 100 kr. á spilara.
Nefndarmenn þakka öllum spilurum þrúðmannlega keppni og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar fyrir sitt góða framlag.

Akureyri 12. mars 2023
Stefán Vilhjálmsson
Haukur Harðarson

V. Árskýrsla spilanefndar félagsvist 2022-2023

Spilanefnd félagsvistar skilaði ekki skýrslu

VI. Árskýrsla Göngunefndar 2022-2023 Gönguferðir í Kjarnakógi

Nefndina skipa eftirfarandi:
Hulda Eggertsdóttir formaður
Hólmfríður R. Jóhannsdóttir (Lilla)
Hrefna Hjálmarsdóttir: ritari
Rafn Sveinsson: gjaldkeri
Númi Adolfsson

Gengið var alla þriðjudaga frá því í júníbyrjun til ágústloka. Þáttkendum var safnað saman frá fimm stöðum í bænum frá kl. 9.30-10.00. Frjálst val með tímamann í skóginum til kl. 11.00 en þá kom rútan aftur og skilaði fólki á þá staði og sótt var.

Í öllum ferðum eru nokkrir nefndarmenn til halds og trausts og alltaf er talið í rúttunni og passað að allir skili sér.

Allir fá miða með símanúmeri nefndarmanna og einnig höfum við merkt okkur nafni. Í rúttunni er reynt að vera með léttar æfingar og söng. Þegar komið er í Kjarna hafa verið lesnir fróðleiksmolar um staðinn og gróðurinn. Farið var í eina óvissuferð og í sumar lá leiðin út í Hrísey. Ferðin tókst afbragðs vel, um 50 manns mættu.

Vel var mætt í allar göngurnar og ef við leggjum saman hve margir mættu í þessar 13 ferðir eru það um 500 manns. Við höfðum sjúkrakassa með í öllum ferðum og reynum að huga eins vel að fólkinu og kostur er. Fólki líkaði vel að skreppa í þessar stuttu ferðir, sem er tilbreyting fyrir marga. Síðasta þriðjudag var endað með því að bjóða upp á skógarkaffi og söng. Það kemur sér val að hafa tvo músikant í nefndinni þá Rafn og Núma. Einnig hefur Ingólfur skógarvörður verið okkur haukur í horni.

Að endingu vil ég þakka stjórn EBAK fyrir að styðja verkefnið með greiðslu á rútu o.fl.

Akureyri, 16. mars 2023.
Hulda Eggertsdóttir.

VII. Árskýrsla Golfnefndar 2022-2023

Starf Golfnefndar hefur verið með hefbundnum hætti í sl. starfsár, æft er á miðvikudögum og föstudögum. Starfið hófst í nóvember, aðsókn var dræm í byrjun en hefur vaxið, að meðaltali mæta 7 -8 félagar. Æft er í aðstöðu Gólfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllinni.

Í Golfnefnd eru Guðrún Siglaugsdóttir, Einar Hjartarson og Magnús Friðriksson formaður

VIII. Árskýrsla Dansklúbbs 2022-2023

Dansað í Birtu Bugðusíðu 1, Fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði kl.16-17,30 september til og með maí.

Við dönsum gömlu dansa og nýja í bland ,Erum með tónlist af diskum og Spotify.

Í apríl munum við breyta dagsetningum vegna páska og sumardagsins fyrsta.

Dönsum þá 12.apríl og 26 apríl. síðan kemur maí og erum 3 og 17 maí

Þá er komið sumarfrí starfið byrjar svo aftur í september væntanlega með svipuðu sniði.

Stjórn dansnefndar.

Júlíana Tryggvadóttir formaður

Kristín H. Skúladóttir ritari

Sigrún Sæmundsdóttir gjaldkeri

Guðgeir Bjarnason og Lárus Halldórsson meðstjórnendur

Kveðja Júlíana

IX. Árskýrsla Gönguklúbbs 2022-2023

Stjórn gönguklúbbsins hélt 3. formlega fundi á starfsárinu. Á fyrsta fundinum voru ferðir í maí og júní skipulagðar . Á öðrum fundi ferðir í júlí og ágúst og ferðir í september og október á þriðja fundinum. Síðasta ferðin átti að vera 3. nóvember en ákveðið var að halda áfram til 8. desember. Gengið var vikulega á fimmtudögum kl 10.00 en seinustu ferðirnar voru færðar eftir hádegi kl. 13.30 vegna birtuskilyrða. Stefnt var að því að hafa göngurnar u.p.b. 5 km en sumar ferðirnar voru lengri

Skipulagðar voru 30 göngur á vegum klúbbsins, farastjórar voru úr hópi félaga í EBAK. Fjöldi þátttakenda frá 7 – 30 meðaltal ca. 18. Ein ferð féll niður vegna veðurs.

Kostnaður við starfsemi gönguklúbbsins var eingöngu þrjár auglýsingar í Dagskránni sem EBAK greiddi. Annars voru ferðirnar auglýstar á facebook síðu EBAK.

12. maí	Glerárþorp niður Sandgerðisbót upp með Glerá
19.maí	Lækjarbakki Kjarnagata Lækjarbakki
26. maí	Krossanesborgir
2. júní	Vaglaskógur
9. júní	Hálsaskógur
16. júní	Lögmannshlíðahringur
23. júní	Vaðlaheiði
30. júní	Laugalandsskógur
7. júlí	Naustaborgir og nágrenni
14. júlí	Hálsmelar
21. júlí	Kaupvangsbakkar
28. júlí	Glerárdalur að nýju virkjuninni
4. ágúst	Lundskógur
11. ágúst	Kjarnaskógur
18. ágúst	Skipalón
25. ágúst	Hrísey Ferðin féll niður vegna veðurs
1. sept.	Bleiksmýrardalur
8, september	Vagllir á Þelamörk
15. september	Gáseyri

22. september	Leifsstaðabrúinir
29. september	Göngustígur gegnum Vaðlareit
6. október	Hálsaskógur
13. október	Meðfram Glerá
20. október	Svalbarðseyri
27. október	Krossanesborgir
3. nóvember	Eyrin og Innbærinn
10. nóvember	Hringur um Þorpið frá Bugðusiðu
17. nóvember	Oddeyrin
24. nóvember	Naustaborgir
1. desember	Gengið um Kjarnaskóg og Hvammsskóg
8. desember	Gengið um Hrafnagilshverfið og endað í Jóláhúsinu

F. h. nefndarinnar Garðar Lárusson

X. Árskýrsla kórs EBAK, Í fínu formi 2022-2023

Á vordögum 2022 var æft fyrir verðandi tónleika, sem haldnir voru í Gleráarkirkju þann sjöunda maí. Níunda til tólfta maí fór kórinn í söngferðalag á austurland. Gist var í Hallormstað, sungið í Egilstaðarkirkju og á Eskifirði. Hvarvetna sem farið var fengum við dásamlegar móttökurog leiðsögn af heimamönnum og kórfólki. Í lok maí tók kórinn á móti Egilstaðarkirkjukórnum sem var á ferðalagi um norðurland, í smá kaffisamsæti. Í september hófst vetrarstarfið með fyrra móti þar sem margt var á döfinni. Eins og venjulega byrjuðum við á að hafa aðalfund kórsins og kynntum m.a. vetrarstarfið.

Fyrsta október bauðst kórnum að taka þátt í tónleikum Hvanndalsbræðra í Hofi. Einstaklega skemmtilegt og ólíkt því sem við höfum tekið okkur fyrir hendur. Vegna góðrar aðsóknar þá voru haldnir tvennir tónleikar.

Daginn eftir 2.okt. söng kórinn á afmælishátíð Félags eldri borgar á Akureyri í Hofi. Fyrsta des. hélt kórinn „kaffitónleika“ í sal félagsmiðstöðvarinnar Sölu fyrir fullu húsi. Kórinn sá um veitingar, sem seldar voru á vægu verði.

Að venju fór kórinn á adventunni og söng jólalög á elliheimilinum Hlíð, Lögmanshlíð og Grenilundi Grenivík. Í byrjun janúar hélt kórinn árshátíð sína á Jaðri með mikilli gleði og heimatilbúnum skemmtiatriðum. Þar voru heiðraðar tvær kórstúlkur sem urðu nírræðar 2022 þær Anna Guðný Jónsdóttir og Hrafnhildur Ingólfssdóttir. Tuttugasta og níunda janúar söng kórinn í Hörpu á vegum Akureyrarbæjar á kynningarfundi fyrir „Virk efri ár“ sem varðar heilsuefningu íbúa sveitafélagsins 60 ára +.

Kórinn var fenginn til að syngja undir stjórn Snorra Guðvarðar á þorablóti sem haldið var á Hlíð og Lögmanshlíð. Um þessar mundir æfir kórinn af miklu kappi fyrir vortónleika sem haldnir verða á sumardaginn fyrsta í Gleráarkirkju og kórferðalag í Borgarfjörðinn í maí þar sem við syngjum Reykholtskirkju ásamt tveimur sunnankórum.

Í dag eru starfandi 69 kórfélagar. Stjórnandi er Petra Björk Pálsdóttir, meðleikari Valmar Valjaots. Æfingar eru tvisvar í viku tvo tíma í senn. Stjórnarfundir voru 10.

Nefndir eru : Endurskoðunarn., ferðan. og skemmtin. Eins og sjá má þá hefur verið mikil gróska, líf og fjör hjá okkur Í fínu formi, óhætt að segja að þar er fólk ótrúlega vel á sig komið þrátt fyrir háan aldur.

Að endingu vil ég segja þetta að ég tel mig lánsama að hafa gerst félagi í kórnum Í fínu formi. Að verða vitni af þeim töfrum sem gerast á hverri æfingu, kraftinum áhuganum og umfram allt félagsskapnum sem er ekki minnst mikilvægur fyrir okkur sem eldri erum það er engin spurning í mínum huga að félagsskapur sem þessi nærir sál og líkama á alla lund.

Einlæg ósk mín og okkar allra sem starfa í kórnum er að starfsemin mætti meiri skilningi og stuðningi hjá þeim sem standa að málum aldraðra í bæjarfélaginu, að þau líti á þetta sem hverja aðra líkamsrækt á sálar og líkama.

Rannsóknir sýna svo ekki verður um villst að þeir sem stunda tónlist og söng lifa lengur og við meiri lífsgleði og lífsgæði á sínum efri árum.

Akureyri mars 2023

Aðalbjörg Áskelsdóttir form. kórsins Í fínu formi.

XI. Árskýrsla netmiðlanefndar 2022-2023

Hlutverk nefndarinnar er að halda úti fésbókar- og heimasíðu félagsins og færa þar inn upplýsingar um starfið, fréttir og fundagerðir. Stjórn félagsins tilnefnir netmiðlanefnd til eins árs í senn að loknum aðalfundi. Nefndarmennirnir sl. ár voru Helgi Aðalsteinsson, Sigurður Harðarson og Garðar Lárusson, sáu þeir um um að setja allt efni inn á heimasíðuna ebak. is og að hluta til inn í fésbókarhópinn EBAK Félag

eldri borgara á Akureyri. Nefndaformenn og fleiri setja á fésbókarsíðuna inn efni frá sínum nefndum eða hópum. Félagar EBAK eru hvattir til til að setja inn fréttir, myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins inn í fésbókarhópinn eða senda okkur efnið til að setja inn þar eða á heimasíðuna. Um 1500 félagar eru á facebooksíðunni en voru um 1000 á sama tíma í fyrra og um 170 eru á póstlista heimasíðunnar. Þeir sem eru skráðir á póstlista heimasíðunnar fá tölvupóst þegar sett er inn nýtt efni. Félagar fara ekki sjálfkrafa inn á póstlistann heldur þurfa að skrá sig þar inn á forsíðu heimasíðunnar ebak.is. Fésbókarsíðan er lokuð síða þar sem þarf að sækja um aðgang sem allir 60 ára fá aðgang. Netmiðlanefnd hefur enga fjármálaumsýslu.

F. h. nefndarinnar Garðar Lárusson